

## **Samningur mennta- og barnamálaráðuneytis við Lýðskólann á Flateyri**

Mennta- og barnamálaráðuneytið, kt. 460269-2969, hér eftir ráðuneytið, og Lýðskólinn á Flateyri, kt. 490317-0230, hér eftir samningshafi, gera með sér svofelldan samning:

### **1. Markmið með samningnum**

- 1.1. Meginmarkmið með samningi þessum er að styðja við rekstur og stuðla að starfrækslu Lýðskóla á Flateyri.
- 1.2. Veita almenna menntun og uppfræðslu í samræmi við ákvæði laga um lýðskóla nr. 65/2019 og undirbúa nemendur fyrir þátttöku í lýðræðissamfélagi.
- 1.3. Tryggja stefnu skv. kafla 20.1 í fjármálaáætlun.

### **2. Framlag og skyldur ráðuneytisins**

- 2.1. Ráðuneytið gerir samning þennan á grundvelli heimildar í 40. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015, með fyrirvara um samþykki fjármála- og efnahagsráðherra.
- 2.2. Þjónustan sem samningur þessi kveður á um fellur undir stefnu ráðherra í málaflokki 20.1, af fjárlagalið 02-321-11080, sbr. 20. gr. laga um opinber fjármál.
- 2.3. Heildarfjárskuldbinding ráðuneytisins samkvæmt samningnum er kr. 224.640.000 eða kr. 74.880.000 á ári.
- 2.4. Árlegt framlag skiptist í 12 jafna hluta og verða greiddar kr. 6.240.000 fyrsta bankadag hvers mánaðar inn á bankareikning viðskiptabanka samningshafa.
- 2.5. Nemendafjöldi skólans skal að lágmarki vera 24 á hvorri námsönn.
- 2.6. Samningshafi skilar ráðuneytinu nemendauppgjöri í september og febrúar ár hvert. Leiði nemendauppgjör í ljós að nemendur eru færri en 20 á önn mun ráðuneytið fá upplýsingar um ástæðu brottfalls frá styrkþega og í kjölfarið getur ráðuneytið krafist endurgreiðslu á framlagi sem nemur kr. 1.560.000,- fyrir hvern nemanda sem upp á kann að vanta.
- 2.7. Gerður er fyrirvari um að stjórnvöld kunna að ákveða aðhaldsaðgerðir við samþykkt fjárlaga og á samningshafi ekki kröfu á ríkissjóð eða rétt á bótum þótt framlag samkvæmt samningnum verði lækkað eða fellt niður. Séu gerðar almennar aðhaldskröfur af hálfu ríkisins til málaflokks 20.1 er heimilt að gera sömu kröfur til aðhalds í rekstri verkefna sem falla undir málaflokk 20.1 hjá samningshafa. Komi til lækkunar á fjárveitingu til verkefnisins skulu samningsaðilar taka upp viðræður um að aðlaga verkefnið að breyttri fjárveitingu.
- 2.8. Fjárhagsleg ábyrgð ráðuneytisins vegna þjónustu sem samningur þessi tekur til takmarkast við þær fjárhæðir sem samningurinn kveður á um.
- 2.9. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.
- 2.10. Tengiliður ráðuneytisins við samningshafa er skrifstofustjóri framhaldsskóla og framhaldsfræðslu í mennta- og barnamálaráðuneytinu. Vegna fyrirspurna eða annarra samskipta vinsamlegast sendið tölvupóst á netfangið [mrn@mrn](mailto:mrn@mrn).

### 3. Ábyrgð, skyldur og starfsemi samningshafa

- 3.1. Skólastjóri fer með yfirstjórn verkefna samkvæmt samningi þessum fyrir hönd samningshafa og kemur fram fyrir hans hönd gagnvart ráðuneytinu.
- 3.2. Styrkþegi starfar í samræmi við lög um lýðskóla, nr. 65/2019, auka laga og reglugerða sem eiga um Umsamda starfsemi og verkefni, en einnig eftir því sem við á eftir lögum og reglugerðum um rekstur aðila sem ekki eru ríkisaðilar en veita opinbera þjónustu sem er kostuð að verulegu eða öllu leyti af framlögum ríkisins. Eftirfarandi lög og reglugerðir kunna því að eiga við:
  - 3.2.1. Lög um opinber fjármál, nr. 123/2015.
  - 3.2.2. Reglugerð nr. 218/2020 um skyldur og ábyrgð forstöðumanna ríkisaðila ríkissjóðs við framkvæmd fjárlaga.
  - 3.2.3. Lög um opinber innkaup, nr. 120/2016
  - 3.2.4. Upplýsingalög, nr. 140/2012.
  - 3.2.5. Stjórnsýslulög, nr. 37/1993.
  - 3.2.6. Lög um Lög um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, nr. 46/2016.
  - 3.2.7. Samkeppnislög, nr. 44/2005.
  - 3.2.8. Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018.
  - 3.2.9. Lög um opinber skjalasöfn, nr. 77/2014.
- 3.3. Samningshafa ber að gæta þess að útgjöld séu í samræmi við tekjur og gæta ráðdeildar í rekstri. Tekjum sem verða til í tengslum við samninginn er einungis heimilt að verja til þeirrar þjónustu sem hann nær til.
- 3.4. Forsenda samnings þessa er að samningshafi hafi gilda viðurkenningu skv. 3. gr. laga um lýðskóla, sbr. einnig reglugerð um viðurkenningu lýðskóla, nr. 430/2020, á öllum gildistíma samningsins og er það á ábyrgð hans að sækja tímanlega um endurnýjun.
- 3.5. Samningshafi hefur hlotið viðurkenningu ráðuneytisins með gildistíma 17. ágúst 2022 til 17. ágúst 2027 og er hún birt á vefsíðu skólans.
- 3.6. Innheimti samningshafi gjald af nemendum vegna þeirrar þjónustu sem samningur þessi fjallar um skal ástæða gjaldtöku útskýrð á skilmerkilegan hátt og birt ásamt gjaldskrá á áberandi stað á vefsíðu skólans. Ætli samningshafi að hækka gjöld umfram verðlagshækkun eða leggja á ný gjöld skal fyrst afla samþykkis ráðuneytisins. Verði hækkun samþykkt af ráðuneytinu skal samningshafi kynna hana fyrir nemendum með góðum fyrirvara og útskýra ástæður hækkunar.
- 3.7. Samningshafi á rétt á að kaupa þjónustu af verktökum vegna afmarkaðra þátta í rekstri hans, en slík kaup leysa hann þó ekki undan ábyrgð á framkvæmd samningsins. Ekki skal gera minni kröfur til verktaka en gerðar eru til samningshafa í samningi þessum.
- 3.8. Samningshafa er óheimilt að:
  - 3.8.1. Efna til óvenjulegra ráðstafana í fjármálum eða skuldbindinga sem verulegar líkur eru á að stofni framkvæmd samningsins í hættu.
  - 3.8.2. Veita önnur lán en þau sem tengjast rekstri samningshafa. Lán skulu ekki vera með lakari kjörum en almennt gilda í sambærilegum viðskiptum.
  - 3.8.3. Greiða út arð til hluthafa eða lækka hlutafé með endurkaupum.
  - 3.8.4. Afhenda og/eða framselja, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
  - 3.8.5. Framselja, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, greiðslur samkvæmt samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð, nr. 75/1997.
- 3.9. Auk lögboðinna trygginga skuldbindur samningshafi sig frá upphafi samnings að kaupa aðrar nauðsynlegar skaðabóta- og váttryggingar vegna rekstrarins þar á meðal vegna tjóns, sem veldur því að rekstur hans stöðvast.

- 3.10. Halda skal fjárreiðum og reikningshaldi samningshafa vegna framlags skv. samningi þessum aðgreindu frá öðrum fjárreiðum, bókhaldi og eignum hans.
- 3.11. Að því leyti sem samningshafi fæst við önnur verkefni en felast í framkvæmd þjónustusamnings þessa skal gera grein fyrir fjárreiðum þeirra í ársreikningi samningshafa.
- 3.12. Á samningstíma skal samningshafi viðhalda fullnægjandi lánshæfismati, þ.e. að viðhalda veltufjárhlutfalli upp á 1 eða hærra.
- 3.13. Samningshafi tilkynnir ráðuneytinu tafarlaust, með skriflegum hætti, ef hann telur vafa leika á um að hann geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningi. Jafnframt greini samningshafi frá úrræðum sem hann hyggst grípa til.

#### 4. Upplýsingagjöf samningshafa

- 4.1. Samningshafi skilar ráðuneytinu:
  - 4.1.1. Rekstraráætlun ásamt bráðabirgðauppgjöri og starfsáætlun, þar sem fram koma m.a. helstu starfsmarkmið sem unnið verður að, fyrir lok febrúar ár hvert.
  - 4.1.2. Greinargerð um framkvæmd samningsins, hver staða verkefna er og hvernig framlagi var ráðstafað í samanburði við áætlun, fyrir lok febrúar ár hvert. Í greinargerðinni skal jafnframt gera grein fyrir mælikvörðum og viðmiðum sem lögð eru til grundvallar árangri á framkvæmd samnings þessa.
  - 4.1.3. Hálfis árs uppgjöri fyrir lok september ár hvert.
  - 4.1.4. Endurskoðuðum ársreikningi ársins á undan með skýringum, fyrir lok maí ár hvert.
  - 4.1.5. Upplýsingum um ný verkefni eða breytingar sem kunna að verða á rekstri samningshafa.
  - 4.1.6. Breytingum á samþykktum eða staðfestri skipulagsskrá samningshafa verði þær gerðar á samningstíma. Skal uppfærðri útgáfu skilað eins fljótt og verða má.
- 4.2. Eigi samningsaðili viðskiptum við lögaðila sem það á eignarhluta í eða er í eigu fjárhagslegra tengdra aðila svo sem stjórnenda hans, eða annarra aðila, skulu þau fara fram á viðskiptalegum forsendum og gerð grein fyrir þeim í ársreikningi.
- 4.3. Samningshafi veitir ráðuneytinu allar upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins eða vegna opinberrar upplýsingagjafar. Ráðuneytið hefur heimild til að kanna aðstæður á vegum samningshafa þar sem þjónusta samkvæmt þessum samningi er veitt, auk þess að gera sjálft eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í framkvæmd samningsins. Í því sambandi hefur ráðuneytið óheftan aðgang að öllum gögnum sem máli skipta, þar á meðal fundargerðum, skrám, fylgiskjölum, skýrslum, bókum og bréfum.
- 4.4. Athuga ber að Ríkisendurskoðun hefur heimild til að krefjast tiltekinna reikningsskila af samningshafa, og skal hann afhenda umbeðin gögn sé eftir því leitað, sbr. lög um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ársreikninga, nr. 46/2016.
- 4.5. Samning þennan, ársreikning samningshafa, greinargerð um framkvæmd samnings og úttektarskýrslur skal birta á vefsíðu samningshafa jafnóðum og þessi gögn liggja fyrir. Ráðuneytinu er jafnframt heimilt að birta gögnin á vef sínum. Samningshafi birtir jafnframt á vefsíðu sinni ýmis gögn sem eru efnislegar afurðir samningsins, svo sem skýrslur, fræðsluefni og leiðbeiningar.
- 4.6. Fulltrúar ráðuneytisins og samningshafi funda að lágmarki árlega um samninginn að frumkvæði ráðuneytisins, og eftir atvikum oftár eftir þörfum.

## 5. Vanefndir

- 5.1. Ráðuneytinu er heimilt að fresta, draga úr, stöðva eða halda eftir greiðslum uppfylli samningshafi ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.
- 5.2. Ráðuneytinu er heimilt að rifta samningi þessum eða endurkrefja um greiðslur, að hluta til eða í heild, ásamt kostnaði við innheimtu, og öðrum kostnaði sem kann að falla til, ásamt vöxtum skv. ákvæðum laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, uppfylli samningshafi ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.
- 5.3. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 5.4. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

## 6. Gildistími og lok samnings

- 6.1. Samningurinn gildir frá undirritunardegi til 31. desember 2028.
- 6.2. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekin til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 6.3. Allar breytingar á ákvæðum samnings þessa skulu aðilar gera skriflega í viðauka.
- 6.4. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.
- 6.5. Við lok samnings skal fara fram sérstök úttekt á vegum ráðuneytisins á framkvæmd samningsins þar sem metið skal hvernig tekist hafi til á samningstímanum, eins og nánar er kveðið á um í 20. gr. reglugerðar um undirbúning, gerð og eftirfylgni samninga um framkvæmdir, rekstur og afmörkuð verkefni nr. 643/2018.
- 6.6. Samningur þessi er gerður í þremur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili einu eintaki og fjármála- og efnahagsráðuneytið einu.

Reykjavík, 23.12.2025

f.h. mennta- og barnamálaráðherra  
Ásgeir Runólfsson, skrifstofustjóri

f.h. Lýðskólans á Flateyri  
Runólfur Ágústsson, stjórnarformaður

fjármála- og efnahagsráðherra  
Samningur staðfestur samkvæmt 40. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015